

## Sameiginleg yfirlýsing Reykjavíkurborgar og Airbnb

### Ábyrg heimagisting á Íslandi

**Reykjavík, 13. desember 2018** - Í dag mun bókunarvefurinn Airbnb opna fyrir notkun á nýjum reit fyrir notendur sína á Íslandi sem gerir þeim mögulegt að birta skráningarnúmer sitt á síðunni. Airbnb mun í nánú samstarfi við Íslensk yfirvöld kynna ferlið við [rafræna skráningu heimagistingar](#) á Íslandi til að auðvelda notendum síðunnar að fylgja Íslenskum reglum. Þetta er áfanganiðurstaða yfirstandandi viðræðna Reykjavíkurborgar og Airbnb. Viðræður og samstarf þessara aðila miða að því að gera heimagistingu í Reykjavík eins ábyrga og mögulegt er og Reykjavík að betri stað fyrir bæði íbúa og þá sem vilja sækja borgina heim.

Þetta er í samræmi við nýlegar breytingar á [lögum um vetingastaði, gististaði og skemmtanahald](#), sem gerir einstaklingum heimilt að skrá heimili sín til heimagistingar. Samkvæmt lögnum:

- Geta einstaklingar leigt út tvær eignir og skal fjöldi útleigðra daga í báðum eignum ekki fara yfir 90 daga samanlagt á ári og samanlagðar tekjur af leigu eignanna ekki nema hærri fjárhæð en 2 milljónum króna.
- Þurfa einstaklingar með heimagistingu ekki að fara í gegnum flókið ferli leyfisveitinga þar sem þess er aðeins krafist að viðkomandi skrái heimagistinguna rafrænt og birti skráningarnúmer sitt á vefsíðunni.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri segir:

*“Reykjavíkurborg hefur átt í viðræðum við Airbnb á þessu ári þar sem snert hefur verið á ýmsum þáttum heimagistingar þar sem gífurleg aukning ferðamanna hefur haft viðtæk áhrif á samfélagið í borginni. Við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að allt ferlið við heimagistingu sé gagnsætt, sýnilegt og upp á borðum og að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu geti auðveldlega haft eftirlit með og fylgt eftir gildandi ákvæðum laga um heimagistingu. Þessi viðbót á heimasíðu Airbnb er einn áfangi af viðræðum okkar við fyrirtækið, en að sama skapi mjög mikilvægur.*

Pieter Guldemon, sviðstjóri hjá Airbnb, segir:

*“Íslendingar hafa um árabil verið jákvæðir í garð heimagistingar sem er mikilvæg viðbót við þá gistimöguleika sem eru í boði fyrir ferðamenn. Við erum mjög ánægð með að geta komið til móts við óskir um að auðvelda gestgjöfum að leigja út heimili sín á ábyrgan hátt. Með slíkri samvinnu getum við hjálpað fjölskyldum við að fylgja settum reglum, auka tekjumöguleika sína og styrkja þannig samfélagið með því að koma til móts við þá þörf sem er á fjölbreytilegu gistirými á Íslandi.*

**Frekari upplýsingar veita:** Helga Björk Laxdal [helga.laxdal@reykjavik.is](mailto:helga.laxdal@reykjavik.is) og í síma 6648207 and Bernard D'hegyere [bernard.dhegyere@airbnb.com](mailto:bernard.dhegyere@airbnb.com)

---

<sup>[1]</sup> Einstaklingar sem leigja út heimili sín lengur en 90 daga þurfa að sækja um rekstrar- og starfsleyfi.